

10. gr. Með skipulagsskrá þessari er hin fyrri skipulagsskrá fyrir **113**
barnaskólasjóð Súðavíkurrepps úr gildi numin. 18. sept.

11. gr. Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Vigur 24. jan. 1893.

Sigurður Stefánsson.

Reikningur

114

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda

frá 1. september 1892 til 31. ágúst 1893.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1. september 1892 (Stj.tíð. 1892 B, 256. bls.):	
a, innritunarskirteini Ltra A fol. 84	kr. 8600,00
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 597,89 kr. 9197,89
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:	
a, af innritunarskirteini til $\frac{11}{6}$. '93 á $3\frac{1}{2}\%$	— 301,00
b, — innstæðu í landsbankanum til $\frac{31}{12}$. '92	— 24,86 — 325,86
	Samtals kr. 9523,75

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:	
a, Jóni bónda Skúlasyni á Söndum í Miðfirði	kr. 140,00
b, Magnúsi bónda Þórarinssyni á Miðhúsum í Garði —	140,00 kr. 280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1893:	
a, innritunarskirteini Ltra A. fol. 84	— 6800,00
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 643,75 — 9243,75
	Samtals kr. 9523,75

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 1. október 1893.

Magnús Stephensen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um 115
breyting á reglugjörð Eiðaskólans. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, 11. okt. herra amtmaður, dags. 2. f. m. vil jeg hjer með staðfesta þá breyting á reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum, dags. 11. desbr. 1888, sem sýslunefndirnar í Múlasýslum hafa samþykkt og amtsráð Austuramtsins fallizt á, að skólastjóri hafi eptirleiðis fæði af skólanum auk þeirra launa og hlunninda, sem tiltekin eru í 17. gr. reglugjörðarinnar, þannig að orðið »fæðis« bætist inn í nefnda grein á eptir orðinu »húsnæðis«.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og þess vegna fyrir hlutaðeigendum.